

91. fundur stjórnar FnS, haldinn 2. mars 2011 í Iðu kl. 16.30.

Mættir: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Magðalena Jónsdóttir, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2010

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn. Helstu niðurstöður hans eru:

Tekjur: 73.387.939

Gjöld: 60.570.501

Rekstarhagnaður án fjármunatekna er því kr. 12.817.438; að viðbættum fjármunatekjum er hagnaðurinn 14.884.813. Rekstrartekjur milli áráanna 2009 og 2010 hækka verulega eða um kr. 12.738.198. Í rekstraráætlun fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir rekstrartekjum upp á kr. 5.612.000. Árið 2010 er tekjuhæsta ár Fræðslunetsins frá upphafi.

Stjórn samþykkir reikninginn eins og hann liggur fyrir með undirritun sinni, fagnar góðum rekstri Fræðslunetsins, eins og reikningurinn ber vitni, og þakkar framkvæmdastjóra og starfsfólki gott starf.

2. Ársskýrsla 2010

Skýrslan hafði verið send stjórnarmönnum með góðum fyrirvara fyrir fundinn. Stjórn staðfestir skýrsluna eins og hún liggur fyrir.

3. Rekstraráætlun 2011

Gert er ráð fyrir svipuðum tekjum í heildina og á árinu 2010 en nokkuð hærri gjöldum. Áætlaður hagnaður er tæpar 10 milljónir, samanborið við tæpar 13 milljónir árið 2010. Stjórn samþykkir áætlunina eins og hún liggur fyrir.

4. Starfsemi á vorönn 2011

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfinu það sem af er önn og horfunum fram á vor. Mörg námskeið eru í gangi og mjög góð nýting á húsnæði. Útlitið er ágætt fyrir önnina, og árið framundan. Þó eru vaxandi dæmi um ýmiskonar erfiðleika sem fylgja utanumhaldi um námskeið.

5. Önnur mál

Rætt var um húsnæðismál og horfurnar á langþráðum breytingum þar á.

Fundi slitið kl. 18.30